# HAFNARFJÖRÐUR

## AÐALSKIPULAG HAFNARFJARÐAR

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur samþykkt breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Breytingin nær til suður og austur hluta Suðurhafnar, þ.m.t. Flensborgarhafnar. Reiturinn sem breytingin nær til er merktur sem H1 (Suðurhöfn) og H2 (Flensborgarhöfn) í aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025. Landnotkun reitsins er hafnarsvæði samkvæmt gildandi aðalskipulagi.

Breytingin afmarkast af Hvaleyrarbraut og Strandgötu í suðri, Suðurbakka og lóðunum Óseyrarbraut 12B og Cuxhavengötu 3 í norðri, Háabakka og Fornubúðum til austurs og Óseyrarbraut 16, Stapagötu og Óseyrarbraut til vesturs.

Til grundvallar megin hluta þessarar skipulagsafmörkunar liggur rammaskipulag Flensborgarhafnar og Óseyrarsvæðis, þar með talið svæði utan deiliskipulagsmarka Suðurhafnar er liggur með strönd fjarðarbotnsins í átt að miðbæ Hafnarfjarðar.

Aðalskipulagsbreytingin nær einnig til svæðis sem afmarkast af Hvaleyrarbraut, Lónsbraut og Stapagötu, að vestur mörkum Suðurhafnarreits, en sá hluti breytingarinnar fellur ekki undir rammaskipulagið.

Í gildandi aðalskipulagi og samkvæmt svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins er stefnt að því að fullnýta byggingarmöguleika miðlægra svæða og lögð áhersla á að fjarlægðir milli íbúa og starfa verði styttar með blandaðri byggð. Gert er ráð fyrir að byggð á svæðinu sem hér um ræðir verði þétt í samræmi við stefnu aðalskipulagsins um þéttingu á vannýttum svæðum, sem eru í göngufjarlægð frá miðbænum. Einkum er reiknað með þjónustu, atvinnustarfsemi og íbúðum á svæðinu. Áhersla verði á heildstæða blandaða byggð með borgar- eða kaupstaðaeinkennum í vönduðu umhverfi og raunhæfum aðstæðum fyrir fjölbreytta atvinnustarfsemi í sátt við aðliggjandi hverfi og hafnarstarfsemi. Stefna aðalskipulagsins fellur að þessu leyti vel að markmiðum svæðisskipulags og fyrirhuguðum bættum almenningssamgöngum.

Breytingar á landnýtingarflokkum samfara þessari breytingu verða:

H1; Suðurhöfn verður að hluta til íbúðarsvæði ÍB15 og miðsvæði M6 og M7

H2; Flensborgarhöfn breytist í miðsvæði M5 sem með stækkun út í sjó verður 4 ha.

H6; Hamarshöfn, ný smábátahöfn og 5m strandræma meðfram M5 er 0,7ha

Greinargerð: Hafnarsvæði, þétting byggðar, Suðurhöfn o.s.frv. er hluti aðalskipulagsbreytingar þessarar.

Breytingar verða á eftirfarandi töflum í greinargerð aðalskipulags 2013-25:

| Merking | Heiti | Stærð ha | Lýsing |
|---|---|---|---|
| ÍB.. | ……… | | |
| ÍB15 | Óseyrarhverfi | 3,9 | Nýtt íbúðasvæði milli Hvaleyarbrautar og Óseyrarbrautar |
| | **Heildarstærð** | **546,1** | |

*Tafla 2. Yfirlit yfir íbúðarsvæði í Hafnarfirði (bls 38)*

| Merking | Heiti | Stærð ha | Lýsing |
|---|---|---|---|
| H1 | Suðurhöfn | 41,4 | Aðal flutninga- og fiskihöfn Hafnarfjarðar minnkar). |
| H3 | Norðurbakki | 0,2 | Rönd hafnarbakka fyrir minni skip og báta |
| H4 | Straumsvíkurhöfn | 24 | |
| H6 | Hamarshöfn | 0,7 | ný smábátahöfn og 5m strandlína M5 |
| | **Heildarstærð** | **66,3** | Flensborgarhöfn fellur út - hafnarsvæði vrou 83ha |

*Tafla 8. Yfirlit yfir hafnarsvæði. (Bls 52)*

| Merking | Heiti | Stærð ha | Lýsing |
|---|---|---|---|
| M1 | Miðbær Hafnarfjarðar | 12 | Miðbær Hafnarfjarðar og nánasta bakland |
| M2 | Miðsvæði Valla | 8 | Miðsvæði sem þjónar Völlum og nágrenni |
| M3 | Miðsvæði Hamranes | 25 | Nýtt miðsvæði sem þjónar bæjarhlutum sunnan Reykjanesbrautar |
| M5 | Flensborgarhöfn | 4,1 | Hafnarsvæði breytt í miðsvæði |
| M6 | Hvaleyrarbraut | 4,9 | Hafnarsvæði breytt í miðsvæði |
| M7 | Óseyrarsvæði | 6,8 | Hafnarsvæði breytt í miðsvæði |
| | **Heildarstærð** | **60,8** | |

*Tafla 3. Yfirlit yfir miðsvæði (bls 43)*

### FYRIR




Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025 1:15.000

Staðfest af skipulagsstofnun 10.07. 2014

### EFTIR




Breytt landnotkun —— Mörk breytinga 1:15.000

## Skýringar:

- M – Miðbær, miðsvæði
- VÞ – Verslunar- og þjónustusvæði
- S – Samfélagsþjónusta
- I – Iðnaðarsvæði
- AT – Athafnasvæði
- ÍB – Íbúðarsvæði
- H – Hafnarsvæði
- H – Innri höfn
- F – Svæði fyrir frístundabyggð
- K – Kirkjugarðar og grafreitir
- E – Efnistöku- og efnislosunarsvæði
- ÍÞ – Íþróttasvæði
- ÓB – Óbyggð svæði
- AF – Afþreyingar- og ferðamannasvæði
- Skipulagi frestað
- SL – Skógræktar og landgræðslusvæði
- OP – Opin svæði til sérstakra nota
- V – Vötn, ár og sjór
- VH – Veitur og helgunarsvæði
- FS – Friðlýst svæði
- ÖN – Önnur náttúruverndarsvæði
- HV – Hverfisvernd (hvít yfirstrikun)
- Friðlýstar fornminjar
- VB – Vatnsbólasvæði
- VG – Vatnsvernd Grannsvæði (vatnsvernd II)
- VF – Vatnsvernd Fjarsvæði (vatnsvernd III)
- VA – Bráðabirgða þynningarsvæði álvers sett af Hollustuvernd ríkisins 1997

- Svæði takmarkaðrar ábyrgðar, greinargerð
- Sveitarfélagsmörk
- Stofnbrautir
- Stofnbraut, jarðgöng
- Tengibrautir
- Safngötur, sýndar að hluta v/tenginga
- Mislæg gatnamót
- Undirgöng / brú
- Gönguleiðir, útivistarstígar
- Reiðleiðir
- Útivistarstígar
- R – Háspennulína
- R – Jarðstrengur
- V – Aðveituæð vatnsveitu
- H – Aðveituæð hitaveitu
- F – Frárennsli
- Varnargarðar
- Þéttbýlismörk
- R – Tengivirki
- S – Spennistöð

## SAMÞYKKTIR

Aðalskipulagsbreyting þessi var auglýst samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Tillagan var auglýst frá ______2021 til ______2021

og var samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar

þann:______________2021

Bæjarstjórinn í Hafnarfirði

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af skipulagsstofnun skv. 32. gr. skipulagslaga nr.123/2010.

þann: ____________2021

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild stjórnartíðinda þann:____________2021

# BREYTING Á AÐALSKIPULAGI HAFNARFJARÐAR 2013-2025

## SVÆÐI: HAFNARSVÆÐI - ÞÉTTING BYGGÐAR - SUÐURHÖFN, FLENSBORGARHÖFN OG HAMARSHÖFN


UMHVERFIS- OG SKIPULAGSSVIÐ HAFNARFJARÐAR
04.05.2020/UPPFÆRT 02.02.2021 og 11.11.2021
Lagfært skv. aths. skipulagsstofnunnar dags 29.4.2021
GUÐRÚN GUÐMUNDSDÓTTIR